

Fundargerð 311. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 311. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn á Teams 4.janúar 2021.

Efni fundar: Dagskrá:

1. Nýársfundur 6.janúar kl.09:00-10:00
2. Staða verkefna
3. Fundur með fagraði
4. Fréttir af faghópum
5. Fjárhagsstaða Stjórnvísí
6. Íslenska ánægjuvogin 2021
7. Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2022
 - a. Fundarstjóri
 - b. Fyrirlesari
 - c. Fyrirkomulag
8. Önnur mál

Dags.fundar: 4.janúar 2022	Tími: 11:00-11:40	Nr. fundar: 311
Fundarboðari: SH	Fundarritari: GA	Staður: Teams

Viðstaddir: Baldur Vignir Karlsson, Falasteen Abu Libdeh, Gunnhildur Arnardóttir, Haraldur Bjarnason, Jón Gunnar Borgþórsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Sigríður Harðardóttir og Stefán Hrafn Hagalín, Steinunn Ketilsdóttir

Fjarverandi:

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

1. **Nýársfundur Stjórnvísí.** Nýársfagnaður stjórna faghópa Stjórnvísí verður að þessu sinni á Teams. Sigríður Harðardóttir formaður stjórnar mun fara örstutt yfir hvernig stuðningi við stjórnir faghópa hefur verið háttað í vetur. Í framhaldi verður boðið upp á frábæran fyrirlestur með Eddu Jónsdóttur leiðtogamarkþjálfara „Lykilspurningarnar í lífi og starfi.“ Mörg erum við alin upp við hugmyndina um að forvitni sé óæskileg en fyrirlesari dagsins hefur komist að því að forvitni getur verið gulls ígildi. Sífelld fleiri rannsóknir sýna fram á að spurninganálgun gefur góðan árangur í stjórnun. En hvernig getum við nýtt okkur spurninganálgun í lífi og starfi?
 - Hvernig getum við nýtt spurningar til að hjálpa okkur að vaxa sem einstaklingar og leiðtogar?
 - Með hvaða hætti við getum notað spurninganálgun til að valdefla teymið okkar í heild sinni og einstaklingana innan þess?

- Getum við notað spurninganálgu til að leysa ósætti eða átök á vinnustað?
- **Markaðsmál og sýnileiki Ósk Heiða, Stefán Hrafn, Haraldur.**
 Hópurinn er búinn að hittast. 1. Ákváðu að varpa ljósi á þau fyrirtæki sem eru í félaginu nú þegar. Af hverju ertu að borga í Stjórnvísi? Styrkja vörumerkið með myndbandi. 2. Varpa ljósinu á fólk í faghópum, af hverju skiptir þetta máli og hvað ertu að fá út úr starfinu. (30 sek. Klippa). 3. Hvernig getum við fjölgað háskólanemum? 4. Búa til stutt myndbönd frá nokkrum stjórnnum faghópa með kynningu á hópnum. Hópurinn leitaði til KIWI varðandi 2 verkefni sem búið er að hrinda í framkvæmd. Nú er staðan sú að búið er að framleiða yfir 20 frábær myndbönd. Næsta verkefni er að fá KIWI til að texta myndböndin og aðstoða við markaðssókn.

Verkefni 1:

Eitt af markmiðum ársins er að fjölga fyrirtækjum í Stjórnvísi (stjornvisi.is). Verkefnið snýr að því að taka stutt stutt vitnisburðarmyndbönd af fólki sem starfar hjá fyrirtækjum sem eru í Stjórnvísi. Max 1 mín myndband, fyrir samfélagsmiðla (FB og LinkedIn), ljósmynd og kvót – til að nota t.d. í rafrænt fréttabréf og á FB síðu, 3-5 fyrirtæki heimsótt /eða mælt sér mót einhverstaðar þar sem mögulegt er að breyta aðeins um bakgrunn/sofa. Upphafs og endaskilti, smá mood og tónlist undir.

Verkefni 2:

Kynna Stjórnvísi í gegn um fólk sem í faghópum starfar, fólk sem skipurleggur starfið. Örstutt viðtal (eitt location) – one shoot 30-60 sem sem einn aðili kemur í mynd og segir stutt frá sínum verkefnum í félaginu. Ljósmynd og kvót til að nota sem t.d. FB post. Fyrirkomulagið gæti verið þannig að fólk er beðið um að bóka sig á fyrirfram ákveðin tíma á t.d. tveggja klukkustunda tíma glugga, þar sem þau koma inn og beint í upptöku. Út úr þessu kæmu t.d. 5-10 stutt myndbönd fyrir samfélagsmiðla kostun.

- i. Fjölgu fyrirtækja oo
 - 1. Fjölgu fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn oo
 - 2. Fjölgu fyrirtækja með 100-199 starfsmenn oo
- ii. Fjölgu á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) oo
- iii. Fjölgu virkra félaga oo
- iv. Fjölgu nýrra virkra félaga oo
- v. Aukning á nýskráningum í mánuðinum oo
- vi. Fjölgu nýrra háskólanema oo

- vii. Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
- viii. Stjórnin efli og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
- ix. Stjórnvísí sé aðlaðandi og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo
- x. Stjórnvísí þróist í takt við við síbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnulífsins ooo
- xi. Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo
- xii. Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogahæfileika, sé sýnilegur og virkur ooo

2. Staða verkefna (áhersluverkefna og annarra verkefna).

Verkefni stjórnar starfsárið: 2021-2022 (þrjú áhersluverkefni – í hverju felast þau – mælikvarðar)

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísí www.stjornvisi.is

ooo= [mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna](#)

- **Stuðningur við stjórnir faghópa Falasteen, Baldur Vignir, Steinunn.** Hópurinn hittist og skiptust á hugmyndum en á eftir að festa betur á blað hvað verði gert. Það sem m.a. kom fram var að hafa mánaðarlega fundi með stjórnnum faghópa – hvað er verið að gera vel og hvað má betur fara. Ræddu hvort þau ættu að mæta á viðburðina þ.e. einn úr stjórn myndi mæta á alla fundi til að ná betri yfirsýn. Ætla að funda fljótlega og fylgja eftir markaðssókn.
 - Fjölgun viðburða oo
 - Fjölgun félaga á fundum oo
 - Aukning á virkni faghópa oo
 - Aukning á félagafjölda í faghópum oo
 - Aukning á virkum fyrirtækjum oo
 - Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
 - Hækkun á NPS skori oo
 - Félagar upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo
 - Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu ooo
 - Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
 - Stöðugt sé unnið að umbótum ooo
 - Í upphafi hvers fundar bendi ábyrgðaraðilar á að eftir fundinn verði send út stutt könnun. Allir hvattir til að gefa

sér örstutta stund og svara. Þar er tilvalið að koma með ábendingu um hvað betur má fara.

- Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo
- Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo
 - Myndbönd
 - Stafræn fræðsla

- **Útrás Laufey, Sigríður, Jón Gunnar**

- **Ætla að hittast á morgun og halda fund.**

- Dagskrá Stjórnvísí verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina
- Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni
- Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni
- Fjölgun erlendra fyrirlesara

-

3. **Fundur með fagráði.** Fundur með fagráði verður haldinn á morgun á Teams.

4. **Fréttir af faghópum.** Í desember voru haldnir 9 fundir og búið er að bóka fjölda funda í janúar. Fjöldi nýrra fyrirtækja hefur skráð sig í félagið.

5. **Fjárhagsstaða Stjórnvísí** er örlítið undir áætlun þar sem farið var í stórt verkefni með auglýsingastofunni KIWI. Reikningar félagsins eru með gjalddaga 5.janúar og eindaga 10.janúar.

6. **Íslenska ánægjuvogin.** Íslenska ánægjuvogin 2021 verður afhent við hátíðlega athöfn á Grand Hótel þann 21. janúar 2022 kl.08:30 í Háteigi. Stjórnarfundur Íslensku ánægjuvogarinnar verður haldinn þann 6. janúar og verður þá nánari tilhöggun rædd. Mælingu er lokið fyrir árið 2021.

7. **Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2022.** Óskað verður eftir tilnefningum nú í vikunni. Stefnt er að því að afhenda verðlaunin þann 17. febrúar eða 15.febrúar að ósk forseta Íslands. Spurningin er hver verði fundarstjóri á verðlaununum og hvort einhverjar óskir um breytingu séu frá aðilum. Er óskað t.d. eftir tveimur millistjórnendum þar sem helmingur atkvæða liggur þar? Á að hafa fyrirlesara? Ákvörðun var tekin um að halda viðræðum áfram innan stjórnar.

8. **Önnur mál.**

- Innskráning með kennitölu og /eða netfangi í gegnum island.is er í fullum gangi og öll leyfi komin.
- Í stað þess að fá 5- 10 myndbönd erum við með yfir 20 myndbönd 😊